

Ed. 663. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [129. mál]

í málinu: Frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Þar sem í fyrsta lagi er sýnt, að raforkan til járnblendiverksmiðjunnar er seld undir kostnaðarverði og langt undir orkuverði frá næstu virkjun eftir Sigölduvirkjun;

í öðru lagi þar sem sýnt er, að íslenskir orkunotendur verða í framtíðinni að borga með raforkunni til járnblendiverksmiðjunnar, en nýting orkunnar til innlendra þarfa, t. d. til húsa hitunar, áburðarvinnslu, fóðurframleiðslu, fiskimjölspurrkunar eða annarra nauðsynlegra verkefna væri ólíkt hagkvæmari;

í þriðja lagi þar sem ljóst er, að fjármagnshlutdeild íslendinga í þessari 20 milljarða fjárfestingu er einnig betur varið til annarra framkvæmda í landinu;

í fjórða lagi þar sem ákvæði um sölu afgangsortku til verksmiðjunnar eru ströngum skilyrðum háð og geta leitt til þess í erfiðu árferði, að raunverulega verði um forgangsortku að ræða, og þar sem óvissa ríkir um, hvenær Kröfluvirkjun skilar fyllstu afköstum, og þess vegna er ljóst, að orkusala til járnblendiverksmiðjunnar getur valdið hættu á raforkuskorti í byrjun næsta áratugs;

í fimmta lagi þar sem flest bendir til þess, að rekstur járnblendiverksmiðjunnar verði mjög áhættusamur, og vitað er, að miðað við verðlag á kísiljárn á s. l. ári og áætlaðan rekstrarkostnað verksmiðjunnar hefði beint tap á rekstrinum orðið það ár um 800 millj. ísl. króna;

í sjötta lagi þar sem bersýnilegt er, að samningurinn við Elkem-Spigelværket er óeðlilega hallkvæmur fyrir hinn erlenda aðila, sem hefur allt sitt á þurru, selur dýrustu tækin til verksmiðjunnar með miklum hagnaði, selur tæknikunnáttu fyrir hátt verð og fær síðan drjúg sölulaun fyrir selda framleiðslu, meðan íslenska ríkið tekur á sig að kosta dýrar framkvæmdir í þágu verksmiðjunnar, hafnargerð fyrir 800 millj. kr., vegagerð, raflínulögn og byggingu spennistöðvar;

í sjöunda lagi þar sem vitað er, að væntanlegur hreinsiútbúnaður verksmiðjunnar hreinsar ekki nema 95% af eitruðum útblæstri hennar;

í áttunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að ýmsar óskir Náttúruverndarráðs um fyrirkomulag rekstrarins hafa verið virtar að vettugi;

í níunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að kröfur Heilbrigðiseftirlitsins um skilyrði fyrir starfsleyfi verksmiðjunnar hafa verið sniðgengnar í ýmsum mikilvægum atriðum;

í tíunda lagi þar sem ljóst er, að bygging verksmiðjunnar raskar eðlilegri byggðaðþróun í nærliggjandi héruðum og hefur almennt óheppileg áhrif á þróun byggðar í landinu;

í ellefta lagi þar sem flest bendir til þess, að bygging þessarar verksmiðju í Hvalfirði sé í algerrri óþökk yfirgnæfandi meiri hluta íbúa í nálægum sveitum;

í tólfta lagi þar sem ekki verður séð, að nokkur nauðsyn kalli á byggingu þessarar verksmiðju, en sýnt er, að hér er um glæfrayfirtæki að ræða, sem eykur hlutdeild erlendra auðfélaga í íslensku atvinnulífi;

telur efri deild Alþingis engan grundvöll til byggingar þessarar verksmiðju og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.